

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 169/2003**

**frá 5. desember 2003**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2003 frá 26. september 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/307/EB frá 2. maí 2003 um tímabundna markaðssetningu tiltekins fræs af tegundunum *Lupinus angustifolius* og *Linum usitatissimum* sem uppfyllir ekki kröfur tilskipana ráðsins 66/401/EBE og 2002/57/EB <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 24. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/244/EB) í 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:

„25. **32003 D 0307:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/307/EB frá 2. maí 2003 um tímabundna markaðssetningu tiltekins fræs af tegundunum *Lupinus angustifolius* og *Linum usitatissimum* sem uppfyllir ekki kröfur tilskipana ráðsins 66/401/EBE og 2002/57/EB (Stjtið. ESB L 113, 7.5.2003, bls. 5).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2003/307/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 6. desember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 12 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 113, 7.5.2003, bls. 5.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-  
viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Prins Nikulás af Liechtenstein*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*